

Fimmtudaginn 19. nóvember 1998.

Nr. 120/1998.

Hjörtur Einarsson

(Steingrímur Pormóðsson hdl.)

gegn

Siglfirðingi ehf.

(Baldur Guðlaugsson hrl.)

Sjómenn. Vinnuslys.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Björn P. Guðmundsson, settur hæstaréttardómari.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar 13. mars 1998. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 824.248 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 1. desember 1994 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Svo sem rakið er í héraðsdómi, reisir áfrýjandi kröfur sínar á því, að hann hafi orðið fyrir slysi um borð í fiskiskipinu Siglfirðingi, SI 150, meðan hann var þar í skiprúmi í veiðiferð, sem hófst 24. júlí 1994 og lauk 25. ágúst sama árs. Engin vitni urðu að atvikinu. Í málatilbúnaði sínum mótmælir stefndi kröfum áfrýjanda meðal annars með því, að ósannað sé, að hinn síðarnefndi hafi orðið fyrir slysi um borð í skipinu.

Í stefnu er því haldið fram, að slysið hafi orðið 7. ágúst 1994, en fyrir dómi bar áfrýjandi, að það hefði orðið 7. eða 8. ágúst. Hann bar jafnframt, að umrædd veiðiferð hefði verið í Smuguna og sigling þangað hefði tekið fjóra til fimm daga. Hafi slysið gerst „á útstími“. Fyrir dómi lýsti hann atvikinu svo, að slinkur hefði komið á skipið í öldugangi og hann þá hrasað í stiga á leið úr skipsbrúnni, en varist falli með því að grípa með vinstri hendi í handrið. Hafi hann eftir það fundið til sársauka í öxlinni. Kvaðst hann fljótlega hafa gefið sig fram við Gunnar Hrólffsson stýrimann og sagt honum frá þessu. Hafi hann tvisvar rætt þetta við stýrimann og í annað skiptið í viðurvist annars skipverja, Jóhannesar Bjarka Jóhannessonar.

Við skýrslutöku af vitninu Jóhannesi Bjarka kom fram, að áfrýjandi hefði nefnt við vitnið, að hann hefði dottið í skipsbrúnni „á út-leiðinni“. Hefði hann spurt, hvernig áfrýjandi hefði dottið, því að það hefði verið blíða. Áfrýjandi hefði svarað því til, að hann hefði farið „með höndina eitthvað inn fyrir, og það kom slinkur á bátinn“. Jóhannes bar, að þetta samtal hefði farið fram stuttu eftir, að lagt var af stað í ferðina.

Í málinu liggur fyrir yfirlýsing Gunnars Hrólfssonar 17. september 1997. Staðfestir hann, að áfrýjandi hafi í miðri veiðiferð leitað til sín vegna bólgu á vinstri öxl. Hafi hann spurt áfrýjanda sérstaklega að því, hvort hann hefði orðið fyrir þessum áverka um borð, og áfrýjandi ekki kannast við, að svo væri.

Engra frekari upplýsinga nýtur í málinu um atvik það, sem áfrýjandi reisir kröfur sínar á. Ekki verður ráðið af læknisvottorðum, sem vísað er til í héraðsdómi, um það, hvenær eða með hvaða hætti áfrýjandi varð fyrir hnjaski á vinstri öxl sinni. Verður fallist á með stefnda, að áfrýjandi hafi ekki rennt þeim stoðum undir staðhæfingu sína um slys í veiðiferðinni, sem leiði til þess gegn mótmælum stefnda, að sönnun um það hafi tekist. Verður héraðsdómur staðfestur þegar af þeirri ástæðu. Skal áfrýjandi greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, sem verður ákveðinn eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Hjörtur Einarsson, greiði stefnda, Siglfirðingi ehf., 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Norðurlands vestra 16. desember 1997.

I.

Mál þetta, sem tekið var til dóms að loknum munnlegum flutningi 18. nóvember sl., er höfðað af Hirti Einarssyni, kt. 200965-3379, Ási, Hvamms-tanga, með stefnu, birtri 29. apríl sl., á hendur Siglfirðingi hf., kt. 580679-0729, Aðalgötu 34, Siglufirði.

Dómkröfur stefnanda.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða sér 824.248 krónur með dráttarvöxtum skv. III. kafla vaxtalaga nr.

25/1987 frá 1. desember 1994 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti að skaðlausu úr hendi stefnda.

Dómkröfur stefnda.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar að skaðlausu skv. málskostnaðarreikningi, en til vara, að stefnukröfur verði lækkaðar verulega og málskostnaður í því tilviki felldur niður.

II.

Málavextir.

Stefnandi var ráðinn háseti í lok júlímánaðar 1994 til afleysinga á togarann Siglfirðing, SI-150, sem er í eigu stefnda. Hann var lögskráður á skipið 24. júlí og hóf störf sama dag. Stefnandi fór eina veiðiferð, sem lauk 25. ágúst sama ár.

Fyrir dómi lýsti stefnandi málavöxtum svo: Hann kveðst hafa haft samband við skipstjórnann á Siglfirðingi, SI-150, og óskað eftir skiprúmi. Seinna hafi skipstjóri hringt til sín og spurt, hvort hann væri „til í túr“, sem hann hafi skilið á þann veg, að skipstjóri væri að spyrja, hvort hann væri tilbúinn að koma strax út á sjó. Það hafi hann verið.

Stefnandi segir aðdraganda slyssins hafa orðið með þeim hætti, að hann hafi verið 7. ágúst að ganga niður stiga. Hafi hann þá hrasað vegna öldugangs, en bjargað sér með því að grípa vinstri hendi í handriðið. Eftir þetta hafi hann fundið til í öxlinni, en talið, að verkurinn myndi hverfa. Fljótlega hafi hann farið til Gunnars Hrólfssonar, 1. stýrimanns, og greint honum frá óhappinu. Gunnar hafi þá látið hann fá verkjalyf. Hann kveðst þó hafa verið þjáður alla ferðina, en eigi að síður náð að skila vinnu sinni óaðfinnanlega. Stefnandi kveðst ekki hafi kennt sér neins meins, áður en veiðiferðin hófst. Þá svaraði hann að því spurður, að ekki hefði verið kvartað undan vinnu sinni um borð.

Stefnandi kveðst á heimleið úr veiðiferðinni hafa óskað eftir að fara aftur með skipinu. Hafi skipstjóri þá sagt, að skipið væri fullmannað, en jafnframt, að hann væri á blaði hjá sér.

Að lokinni veiðiferð, er þeir komu til hafnar 24. ágúst 1994, hafi verið tekið vel á móti þeim. Runólfur framkvæmdastjóri hafi komið sjálfur og tekið í hönd sér og þakkað góð störf. Daginn eftir hafi hann farið til læknis á Sauðárkróki, sem hafi gefið út vottorð um veikindi sín. En er hann sýndi Runólfi vottorðið, hefði hann brugðist illa við og raunar verið eins og hann væri að tala við annan mann, sem hann sagði nú latan og lélegan sjómann. Eftir þetta hafi hann leitað réttar síns hjá stéttarfélaginu á Siglufirði. Stefnandi kveðst hafa verið óvinnufær í fimm mánuði, eftir að veiðiferð lauk.

Í málinu liggur fyrir örorkumat Vigfúsar Magnússonar læknis. Niður-

staða þess er sú, að stefnandi hafi hlotið 5% varanlega örorku vegna áverkans, en tímabundin örorka hafi engin verið.

Af hálfu stefnda er því haldið fram, að stefnandi hafi einungis verið ráðinn til að fara þessa einu veiðiferð, en slíkt sé venja um afleysingamenn. Þá sé ósannað, að stefnandi hafi hlotið meiðsl sín um borð í skipinu, og því haldið fram, að stefnandi hafi leynt stefnda upplýsingum um áverka á öxl.

III.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á því, að hann hafi orðið fyrir slysi um borð í Siglfirðingi, SI-150, 7. ágúst 1994 vegna skyndilegs utanaðkomandi atburðar. Hann hafi tilkynnt stýrimanni skipsins frá óhappinu. Afleiðingum slyssins sé lýst í örorkumati Vigfúsar Magnússonar læknis, dagsettu 27. júní 1995, og vottorði Ólafs Sveinssonar, læknis á Sauðárkróki, dagsettu 6. febrúar 1995. Stefnandi heldur því fram, að hann hafi ekki dregið af sér við vinnu, þar til óhappið varð, og allar staðhæfingar um annað séu ósannaðar.

Stefnandi fullyrðir einnig, að hann hafi orðið óvinnufær, meðan á ráðningartíma hans stóð hjá stefnda, og því eigi hann rétt til launa samkvæmt 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, fullra launa í tvo mánuði, frá 25. ágúst 1994 til 25. október 1994, en síðan til kauptryggingar í þrjá mánuði til viðbótar, frá 25. október 1994 til 25. janúar 1995. Auk þess eigi hann rétt á launum vegna sjö daga uppsagnarfrests. Við munnlegan flutning málsins sundurliðaði stefnandi kröfur sínar, eftir að fram komu upplýsingar um hlut háseta í næstu veiðiferðum á eftir, þannig:

Laun í tvo mánuði. A) veiðiferð frá 29. september til 15. október, laun 428.840 krónur, B) veiðiferð frá 22. október til 19. nóvember, laun 286.846 krónur, samtals 715.686 krónur á 77 úthaldsdögum, 9.295 krónur á dag, sú tala margfölduð með 60 geri 557.678 krónur, kauptrygging í þrjá mánuði 201.960 krónur og loks vegna sjö daga uppsagnarfrests 44.610 krónur, samtals 824.248 krónur. (Samlagningarvilla er í útreikningi stefnanda, á að vera samtals 804.248 krónur.)

Stefnandi reisir kröfur sínar einnig á því, að þar sem ekki hafi verið gerður við sig skriflegur ráðningarsamningur, eins og skylt er skv. 6. gr. sjómannalaga, beri stefndi sönnunarbyrðina fyrir því, hve langur ráðningartími stefnanda hafi átt að vera. Heldur stefnandi því fram, að óheimilt hafi verið að segja sér upp störfum, þrátt fyrir það að hann hafi slasast.

Þá telur stefnandi, að stefndi beri sönnunarbyrði fyrir þeirri fullyrðingu, að stefnandi hafi leynt áverkum, er hann réðst í skiprúmið. Stefnandi kveðst hafa tilkynnt um slysið, og því hafi forráðamönnum stefnda borið að sjá til þess, að stefnandi gengist undir rannsókn, en þar sem rannsókn á

vegum stefnda fór ekki fram, beri hann sönnunarbyrði fyrir því, að stefnandi hafi ekki slasast um borð í Siglfirðingi.

Um lagarök vísar stefnandi til 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, til gildandi kjarasamnings milli Sjómannasambands Íslands og Landssambands íslenskra útvegsmanna og til 25. gr. sjómannalaga og 6. gr. sömu laga. Loks vísar hann til 2. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Um kröfu um málskostnað vísar stefnandi til 175. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi styður kröfu sína um sýknu í fyrsta lagi því, að stefnandi hafi einungis verið ráðinn til afleysinga í eina veiðiferð. Þegar stefnandi kom að landi 25. ágúst 1994, hafi vinnusambandi þeirra verið lokið. Í þessu samhengi verði að geta þess, að alþekkt sé, að afleysingamenn séu ráðnir til einnar veiðiferðar í senn, sérstaklega þegar menn hafa ekki áður unnið hjá sérstakri útgerð. Í öðru lagi liggi fyrir áhafnarlisti, eins og hann var gefinn út fyrir næstu veiðiferð, sem hófst 29. ágúst 1994, en þar komi fram, að ekki var gert ráð fyrir stefnanda í þá ferð. Læknisvottorð vegna veikinda stefnanda var gefið út síðar, 2. september 1994, og því hefði stefnandi átt að vera á áhafnarlista, ef ráð hefði verið fyrir honum gert.

Stefndi vísar í öðru lagi til þess, að stefnandi eigi ekki rétt til launa í slysaförföllum, þar sem ósannað sé, að hann hafi orðið fyrir slysi um borð í Siglfirðingi. Þá hafi stefnandi ekki tilkynnt um slysið eða upplýst um tildrög þess; raunar hafi forsvarsmönnum stefnda ekki orðið kunnugt um slysið, fyrr en þeim barst vottorð Ólafs Sveinssonar læknis. Hafi framkvæmdastjóri stefnda þá spurst fyrir um málið hjá yfirmönnum og öðrum skipverjum Siglfirðings, er unnu með stefnanda, en enginn kannast við, að stefnandi hefði slasað sig um borð. Gunnar Hrólfsen, 1. stýrimaður, hefði sérstaklega spurt stefnanda, hvort hann hefði slasað sig, er hann óskaði eftir verkjalyfjum vegna eymsla í öxl, en stefnandi svarað því til, að hann vissi ekki, hver væri orsök verkjanna.

Í þriðja lagi bendir stefndi á, – ef talið yrði sannað, að stefnandi hefði verið ráðinn til að fara með Siglfirðingi, SI-150, 29. ágúst, en slasast í þeirri veiðiferð, sem hann fór, – að stefnandi hafi ekki getað átt rétt til launa í slysaförföllum, þar sem hann var ekki óvinnufær vegna áverkanna, er Siglfirðingur, SI, lét úr höfn 29. ágúst 1994. Óumdeilt sé, að stefnandi kom ekki til skips þann dag eða bauð fram vinnu sína, enda taldi hann sig óvinnufæran þá og næstu fimm mánuði á eftir. Í örorkumati Vigfúsar Magnússonar læknis komi fram, að áverkar stefnanda hafi ekki leitt til tímabundinnar óvinnufærni eða tímabundinnar örorku. Staðhæfing stefnanda um óvinnu-

færni í fimm mánuði eftir slysið, fái því ekki staðist miðað við þau læknisfræðilegu gögn, sem fyrir eru í málinu. Stefndi mótmælir vottorði Ólafs Sveinssonar læknis um óvinnufærni stefnanda 29. ágúst og telur það vottorð hafa umfram allt verið stutt mati stefnanda sjálfs, enda fær það ekki stoð í vottorði sama læknis frá 6. febrúar 1995. Í málinu sé ekki að finna nein læknisfræðileg gögn, sem styðji þá fullyrðingu stefnanda, að hann hafi vegna meiðsla ekki getað farið með Siglfirðingi 29. ágúst 1994 og unnið þá veiðiferð. Af þessum sökum hafi stefnandi á ölögmætan hátt komið sér hjá vinnu, meðan á veiðiferðinni stóð, og því geti hann ekki átt rétt til launa, sbr. 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985. Sömu rök eigi við næstu veiðiferðir á eftir, hafi stefnandi verið ráðinn til þriggja veiðiferða. Þá bendir stefndi á, að stefnandi hafi sjálfur talið sig geta unnið með fullum afköstum eftir hið ætlaða slys og að enginn hafi orðið var við breytingar á vinnubrögðum hans eftir slysið.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda um laun í uppsagnarfresti, enda hafi stefnandi einungis verið ráðinn til afleysinga og því ekki þurft að segja honum upp störfum.

Stefndi reisir kröfu sína einnig á því, að hafi stefnandi ekki getað farið í veiðiferðina, vegna þess að hann var óvinnufær, hafi hann ekki heldur átt rétt til launa í uppsagnarfresti, enda var stefnda heimilt að slíta ráðningu hans eftir ákvæðum 1. tl. eða 3. tl. 1. mgr. 23. gr. sjómannalaga. Hafi stefnandi ekki verið óvinnufær, var heimilt að slíta ráðningu hans með vísan til 2. tl. 1. mgr. 24. gr. nefndra sjómannalaga án nokkurrar tilkynningar eða útskýringa, sbr. 2. mgr. 24. gr. sömu laga.

Af hálfu stefnda er einnig skírskotað til þess, að hafi stefnandi átt einhvern rétt til launa í slysaföllum eða uppsagnarfresti, hafi hann glatað þeim rétti fyrir tómlæti. Í vinnurétti séu gerðar strangar kröfur til starfsmanna, sem telji sig vanhaldna í launum, til að tilkynna vinnuveitanda um það og gera kröfur. Í þessu máli hafi stefnandi með óljósum hætti í bréfi, dagsettu 12. desember 1994, gert kröfu til launa í slysaföllum, en þar hafi engar formlegar kröfur komið fram. Raunverulegar kröfur hafi hann fyrst gert með bréfi, dagsettu 6. júní 1996, tæpum tveimur árum eftir ætlað slys. Reglur vinnuréttarins geri ráð fyrir, að slíkur dráttur á framsetningu kröfu valdi því, að hún falli niður fyrir tómlæti.

Um varakröfu.

Verði fallist á bótaskyldu stefnda, krefst hann lækkunar á kröfum stefnanda. Stefndi kveðst hafa lagt fram afrit launaseðla háseta í næstu veiðiferðum á eftir þeirri ferð, sem stefnandi fór. Samkvæmt þeim voru nettó staðgengilslaun, eins og stefnandi reikni þau, í veiðiferðinni 29. ágúst til 15.

október 1995 alls 258.522 krónur fyrir 48 daga úthald eða 5.386 krónur á dag. Í veiðiferðinni 22. október til 19. nóvember 1994 voru nettó staðgengilslaun 193.280 krónur fyrir 29 daga úthald eða 6.665 krónur á dag. Samkvæmt þessu hafi nettó staðgengilslaun fyrir tímabilið 25. ágúst til 25. október 1994 verið 278.517 krónur.

Stefndi bendir einnig á, að stefnandi hafi ekki orðið fyrir tekjutapi vegna ætlaðrar óvinnufærni 25. ágúst 1994. Jafnvel þó að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 25. ágúst til 29. ágúst, varð hann ekki fyrir tjóni, þar sem launuð vinna háseta hófst ekki um borð fyrr en 29. ágúst. Verði hins vegar fallist á, að stefnandi hafi verið óvinnufær 25. ágúst 1994, heldur stefndi því fram, að stefnandi hafi einungis verið óvinnufær þann eina dag, og eigi hann því einungis rétt til launa fyrir hann einan, samtals 5.386 krónur, enda hafi stefnandi ekki verið tilbúinn til að vinna eftir þann dag, og því geti hann ekki átt rétt til launa eftir það, sbr. 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga.

Stefndi mótmælir sérstaklega dráttarvaxtakröfu stefnanda, sem eigi sér ekki stoð í vaxtalögum. Stefnandi hafi ekki krafist stefnda um greiðslu fyrr en með bréfi, dagsettu 6. júní 1996, og fyrst þá hafi hann lagt grundvöll að kröfum sínum. Því geti kröfur hans í fyrsta lagi borið dráttarvexti frá þeim degi að telja. Hins vegar sé ljóst, að stefnandi beri sjálfur ábyrgð á þeim mikla drætti, sem orðið hefur á málinu, og því sé rétt, að krafan beri ekki dráttarvexti fyrr en frá dómsuppsögu, sbr. 14. gr. vaxtalaga.

Um málskostnaðarkröfu vísar stefndi til XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Runólfur Birgisson, framkvæmdastjóri stefnda, kveður stefnanda hafa ráðist til skipsins með stuttum fyrirvara og einungis í eina veiðiferð. Hann kveðst hafa frétt af slysinu um miðjan september 1994, þegar stefnandi afhenti læknisvottorð. Stefnandi hafi þá ekki gert neinar kröfur, en þetta hafi orðið til þess, að hann ræddi við yfirmenn á skipinu til að kanna tildrög slyssins. Hafi Gunnar Hrólfsson sagt, að sér hafi ekki verið tilkynnt um neitt slys.

Næst hafi hann heyrt af málinu, þegar hann fékk bréf frá lögmanni í júní árið eftir, og því hafi verið svarað. Eftir það hafi ekkert heyrst frá stefnanda lengi og hann því talið málið úr sögunni.

Vitnið Jóhannes Bjarki Jóhannesson var skipsfélagi ákærða í þessari ferð, en hann starfar nú hjá Þormóði ramma. Hann kveðst hafa bent á stefnanda, þegar mann vantaði á skipið. Sér hafi verið kunnugt um, að stefnandi var einungis ráðinn í þessa einu ferð. Stefnandi hafi tjáð sér, að hann hefði dottið á útleið og meitt sig.

Niðurstaða.

Telja verður með hliðsjón af framburði stefnda sjálfs á þá lund, að hann hafi á heimleið úr veiðiferðinni óskað eftir lengra starfi á skipinu, að hann hafi einungis verið ráðinn í þessa einu veiðiferð, en ekki þrjár ferðir, eins og fram kemur í stefnu.

Í málinu eru engin gögn, sem benda til, að stefnandi hafi leynt áverkum á vinstri öxl, þegar hann réð sig í skiprúmið, og verður því ekki fullyrt, að hann hafi með sviksamlegum hætti leynt upplýsingum, sem fallið geti undir 4. mgr. 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985.

Fram kom hjá vitninu Jóhannesi Bjarka Jóhannessyni, að stefnandi hefði tjáð sér, að hann hefði meitt sig á öxl um borð í skipinu, og rennir það stöðum undir fullyrðingu stefnanda í þá veru. Þykir því ekki óvarlegt að leggja til grundvallar, að svo hafi verið þrátt fyrir yfirlýsingu Gunnars Hrólfssonar, 1. stýrimanns, þess efnis, að hann hafi spurt stefnanda að því, hvort hann hefði orðið fyrir þessum áverka um borð í skipinu, en stefnandi svarað því neitandi.

Af hálfu stefnanda er því fram haldið, að hann hafi verið óvinnufær í fimm mánuði, eftir að veiðiferð hans lauk 25. ágúst 1994. Eigi hann því með vísan til 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985 rétt á fullum launum í tvo mánuði og kauptryggingu í þrjá mánuði til viðbótar. Í málinu liggja fyrir tvö vottorð Ólafs Sveinssonar, læknis á Sauðárkróki, og örorkumat Vigfúsar Magnússonar læknis. Í fyrra vottorði Ólafs Sveinssonar, dagsettu 2. september 1994, kemur fram, að stefnandi hafi komið í skoðun 25. ágúst 1994. Vottorðið er á stöðluðu formi og er merkt með krossi í reit um óvinnufærni með öllu og einnig í reit fyrir vinnuslys. Síðan kemur fram, að stefnandi hafi verið óvinnufær frá 25. ágúst, en ekki kemur fram, hversu lengi. Í síðara vottorði Ólafs segir, að stefnandi hafi leitað til hans 25. ágúst. Stefnandi hafi gefið upp, að hann hafi orðið fyrir áfalli einum mánuði áður. Síðan er áverkum á öxl lýst nánar. Einnig kemur fram, að stefnandi hafi komið í skoðun 6. og 12. september 1994, og hafi hann þá enn verið aumur í axlarlið. Í örorkumati Vigfúsar Magnússonar læknis, dagsettu 27. júlí 1995, segir m. a. í samantekt og álit: „Hann kveðst sjálfur hafa unnið störf sín í túrn-um eftir slysið, og samkvæmt óvinnufærnisvottorði sýnist óvinnufærnistímabil, eftir að í land kom, óverulegt, en hann hefur viðvarandi einkenni, sem valda honum nokkurri starfsorkuskerðingu.“

Þegar horft er til þessara vottorða, en lækarnir komu ekki fyrir dóm til skýrslugjafar, verður ekki séð, að stefnanda hafi tekist að sanna, að hann hafi í raun verið óvinnufær, þegar Siglfríðingur, SI-150, lét úr höfn 29. ágúst 1994. Í þessu sambandi verður að hafa í huga, að í vottorðum Ólafs Sveins-

sonar lækni segir ekkert um, hve lengi stefnandi var óvinnufær. Hins vegar kemur fram, eins og að framan er rakið, í örorkumati Vigfúsar Magnússonar lækni, að óvinnufærnistímabil hafi verið óverulegt. Þá ber einnig að hafa í huga, að stefnandi vann að eigin sögn öll störf sín óaðfinnanlega um borð í skipinu frá slysdegi 7. ágúst til 25. ágúst. Þá kvaðst hann hafa óskað eftir að fá að fara í næstu veiðiferð, og virðist því sem slysið hafi ekki aftrað honum frá vinnu.

Með vísan til þess, sem að framan er rakið, verður ekki séð, að stefnandi eigi rétt til launa með vísan til 36. gr. sjómannalaga nr. 35/1985, og verður stefndi því sýknaður af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Með hliðsjón af niðurstöðu málsins er rétt, að stefnandi greiði stefnda málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 150.000 krónur.

Halldór Halldórsson héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Siglfirðingur ehf., er sýknaður af öllum kröfum stefnanda, Hjartar Einarssonar, í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 krónur í málskostnað.
